

Upplýsingar um HRAÐATAKMARKARA OG ÖKURITA

HRAÐATAKMARKARAR:

Eftirtaldar bifreiðir eiga að vera með hraðatakmarkara:

- *Hópbifreiðir – takmarka við 100 km/klst: (ökutækjaflokkur M2, M3)*
 - Skráðar eftir 01.01.1994 sem eru yfir 10 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 27.04.2007 sem eru yfir 7,5 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 01.01.2008 sem eru yfir 5,0 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 02.07.2009 allar hópbifreiðar
- *Vörubifreiðir – takmarka við 90 km/klst: (ökutækjaflokkur N2, N3)*
 - Skráðar eftir 01.01.1994 sem eru yfir 10 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 27.04.2007 sem eru yfir 7,5 t að leyfðri heildarþyngd
 - Skráðar eftir 01.01.2008 sem eru yfir 3,5 t að leyfðri heildarþyngd

Þær bifreiðir sem eru undanþegnar hraðatakmarkara eru (þannig skráðir í ökutækjaskrá, þó ekki skv. síðasta lið):

- Bifreiðir til neyðaraksturs.
- Bifreiðir sem hafa lægri tæknilegan hámarks hraða en sem nemur takmörkunarhraðanum.
- Bifreiðir sem notaðar eru í tengslum við vísindalegar tilraunir.
- Bifreiðir sem eingöngu eru ætlaðar til að veita opinbera þjónustu í þéttbýli.

ÖKURITAR:

Eftirtaldar bifreiðir eiga alla jafna að vera með ökurita:

- Vörubifreið yfir 3.500 kg. að heildarþyngd (ökutækjaflokkur N2,N3)
- Hópbifreiðar skráðar fyrir 16 farþega eða fleiri (ökutækjaflokkur M2, M3)
- Allar hópbifreiðir í atvinnurekstri skráðar eftir 1. Júlí 2011 (ökutækjaflokkur M2,M3)

Ath! Reglugerðin um ökurita(605/2010) tekur ekki til flutninga sem eru ekki í atvinnuskyni nema farmflutninga með vörubifreið eða vagnlest með hærri heildarþyngd en 7.500.kg.

Ýmsir hópar bifreiða eru undanþegnar ökurita, m.a. þessar (nánari upplýsingar og túlkun hjá Samgöngustofu):

- Bifreið í reglubundnum faþegaflutningum (mest 50 km leið).
- Bifreið sem fer ekki yfir 40 km/klst. hámrkshraða, þó unnt sé að aka henni hraðar.
- Bifreið sem lögregla, slökkvilið, sjúkralið eða almannavarnir eiga eða leigja án ökumanns, ef flutningar eru vegna verkefna þeirra og undir stjórn þeirra.
- Bifreið sem notuð er í neyðartilvikum, við björgunarstörf, þ.m.t. bifreið sem notuð er við flutninga vegna hjálparstarfs og ekki er í atvinnuskyni.
- Bifreið sem er sérstaklega úrbúin til nota við lækniþjónustu.
- Bifreið sem er sérstaklega útbúin til nota við aðstoð á vegum innan við 100 km radíus frá bækestöð sinni
- Bifreiðir í reynsluakstri á vegi vegna tækniþróunar, viðgerðar eða vihalds eða þegar bifreið er ný eða hefur verið endurbyggð en ekki enn tekin í notkun.
- Bifreið eða vagnlest sem ekki er notuð til farmflutninga í atvinnuskyni og leyfð heildarþyngd þess er ekki meiri en 7.500 kg.
- Hópbifreið eða vörubifreið sem er skráð sem fornbifreið og notuð er til farþega- eða farmflutninga sem ekki eru í atvinnuskyni.

Gerðir ökurita:

- Bifreið skráð fyrir 1. september 2006 má vera búin skífökurita
- Bifreið skráð frá og með 1. september 2006 skal vera búin rafökurita

Uppsetningarplötur:

Sérstakar uppsetningarplötur eiga að vera í bifreiðinni, ein fyrir hraðatakmarkarann og önnur fyrir ökuritann. Uppsetningarplatan fyrir hraðatakmarkarann á að vera staðsett á áberandi stað í stýrishúsi, t.d. á mælaborði, í framrúðu, gæti einnig verið á ökuritanum. Uppsetningarplatan fyrir ökuritann er yfirleitt á ökuritanum (venjulega undir lokinu á þeim eldri, en venjulega undir skúffunni á þeim rafrænu). Á uppsetningarplötu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma skýrt fram:

- Íslenskt fastnúmer bifreiðarinnar.
- Heiti verkstæðis og innsiglisnúmer.
- Dagsetning ísetningar / innsiglnar (má ekki vera eldri en 2reg ára).
- Virkt ummál drifinna hjólbarða, sýnt sem $I = \dots$ mm.
- Stuðull (fasti) fyrir vélrænan ökurita, sýnt sem $w = \dots$ snún/km (mjög fáir slíkir mælar)
- Hraðatakmarkari: Hámarkshraði sem hraðatakmarinn leyfir.

Þessar upplýsingar þurfa að koma skýrt fram og mega ekki vera afmáðar. Ef upplýsingarnar eru máðar af að hluta til eða í heild þarf að færa bílinn á ökuritaverkstæði til að endurnýja upplýsingaplötuna.

ADRAR UNÐANÞÁGUR SAMKVÆMT 20. GR. REGLUGERÐAR

Undanþegin frá ákvæðum reglugerðar 605/2010 er flutningur með bifreið

- sem ríki eða sveitarfélag á eða leigir án ökumanns og notar til flutninga á vegum og ekki eru í samkeppni við einkarekin flutningafyrirtæki,
- sem fyrirtæki notar eða leigir án ökumanns á sviði landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, eldis eða fiskvinnslu, til að flytja vörur í tengslum við eigin rekstur innan við 100 km radíus frá bækistöð fyrirtækisins,
- vagnlest, þegar leyfð heildarþyngd er ekki meira en 7.500 kg:
 - og í hlut á sá sem veitir pósthjónustu (alþjónustu), hús úr húsi, og hefur rekstrarleyfi til þess að starfrækja slíka þjónustu samkvæmt lögum um pósthjónustu,
 - sem ökumaður notar til að flytja efni eða búnað, vegna sérstakra verkefna sinna innan 50 km radíuss frá bækistöð, enda sé aksturinn ekki aðalstarf ökumannsins,
- sem eingöngu er notuð til aksturs á eyju sem ekki er stærra en 2.300 km² og er ekki tengd meginlandinu með brú, vaði eða göngum sem opin eru fyrir umferð vélknúinna ökutækja,
- eða vagnlest þegar leyfð heildarþyngd er ekki meiri en 7.500 kg og notuð er til vöruflutninga á svæði innan 50 km radíuss frá bækistöð flytjanda og notar gas eða rafmagn sem orkugjafa,
- sem notuð er til ökukennslu eða í ökuþrófi að því tilskildu að bifreiðin sé ekki notuð til farþega- eða farmflutninga í atvinnuskyni,
- sem notuð er í tengslum við störf við fráveitu, flóðavernd, vatns-, gas- og rafmagnsveitu, sorphreinsun hús úr húsi, skeyta- og símaþjónustu, útvarps- og sjónvarpssendingar og við að miða út útvarps- eða sjónvarpssenda eða móttökutæki. Jafnframt flutningur með bifreið sem notuð er við viðhald á vegum og eftirlit, m.a. við snjómokstur og hálfuvarnir,
- skráðri fyrir 10-17 manns að ökumanni meðtöldum sem ekki er notuð til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- sérþúinni til flutninga á búnaði fyrir fjölleikahús og skemmtigarða,
- sérstaklega útbúinni vegna farandverkefna sem eru einkum notuð sem kennsluáðstaða þegar bifreiðin er kyrrstæð,
- sem notuð er til að safna mjólk frá búum og flytja til baka mjólkurilát eða mjólkurafurðir vegna dýraeldis,
- sem sérþúin er til flutninga á peningum og ígildi þeirra,
- sem notuð er til að flytja fisk- og skepnuúrgang eða skrokka sem ekki eru ætlaðir til manneldis,
- sem notuð eru til að flytja lifandi dýr frá búum á heimamarkað og til baka eða frá markaði til næsta sláturhúss innan 50 km radíus.